

Nd.

323. Breytingartillaga

við frv. til laga um kosningar til Alþingis.

Frá Vilmundi Jónssyni.

Við 127. gr. Fyrri málsg. greinarinnar orðist svo:

Til þess að finna, hvernig uppbótarþingsætum ber að skipta á milli þingflokka, skal fara þannig að: Fyrst skal finna meðaltal atkvæða á hvern kjördæmiskjörinn þingmann þess þingflokks, er fæst hefir atkvæði á hvern þingmann, og er það hlutfallstala kosningarinnar. Síðan skal skrifa atkvæðatölur hinna annara þingflokka, hverja afturundan annari í sömu línu, og deila í þær hverja um sig tölu þingmanna hlutaðeigandi flokks kosinna í kjördæmum, fyrst að viðhættum 1, síðan 2, þá 3 o. s. frv. unz síðustu útkomur geta á þennan hátt ekki orðið jafnari hlutfallstölunni. Útkomurnar skal skrifa í röð niður undan atkvæðatölunum. Uppbótarþingsætum skal úthluta til þingflokka eftir tölum þessum þannig, að fyrsta uppbótarþingsætið fellur til þess þingflokks, sem hæsta á útkomuna, annað til þess, sem á hana næsthæsta, og síðan áfram eftir hæð talnanna, unz eitt uppbótarþingsæti hefir fallið á hverja þeirra, nema 11 uppbótarþingsætum hafi verið úthlutað áður. Þó skal því aðeins úthlutað uppbótarþingsæti á tölu lægri en hlutfallstalan, að enginn annar þingflokkur hefði fengið hærri atkvæðatölu á hvern þingmann, ef hann hefði bætt við sig því þingsæti.